

## AUGLÝSING

## um verzlunarsamning milli Íslands og Bolívíu.

Stjórn Íslands og Bolívíu hafa þann 9. nóvember 1931 gert með sér verzlunarsamning, saminn á íslenzku, frönsku og spönsku, er hérmeð birtist á íslenzku.

## SAMNINGUR

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur og hans hágöfgi forseti lýðveldisins Bolívíu, er báðum leikur hugur á að efla verzlunarviðskiptin milli Íslands og Bolívíu, hafa í þessu skyni ákveðið að gera verzlunarsamning, og hvor um sig útnefnt sem umboðsmenn sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:

Herra Knud Aage Monrad-Hansen, sendiherra sinn og ráðherra með sérstöku umboði í Buenos Aires;

Hans hágöfgi forseti lýðveldisins Bolívíu:

Hans hágöfgi dr. Julio A. Gutierrez, utanríkisráðherra sinn; sem, eftir að hafa tjáð hvor öðrum umboð sín, er reyndust góð og gild, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði:

## 1. gr.

Hvor hinna háu samningsaðilja skuldbindur sig til að beita gagnvart hinum reglunni um þá þjóð, er beztu kjörum sætir, um allt er snertir réttindi borgaranna og meðferð á vörum til innflutnings, útflutnings og flutnings um landið.

## 2. gr.

Ekki er unnt, með skírskotun til ákvæða samnings þessa um beztu kjör, sem nokkur þjóð sætir, að krefjast þeirra hlunninda, sem veitt eru eða síðar kunna að verða veitt ríkjum, sem að öðru landanna liggja, í því skyni að gera viðskiptin á landamærunum auðveldari.

## 3. gr.

Samning þenna, sem er gerður á íslenzku, spönsku og frönsku — og skal hinn fransk texti hans ráða úrslitum —, ber að fullgilda, og skal fullgildingarskjölunum skipzt á í Buenos Aires svo fljótt sem verða má. Hann gengur í gildi þrem mánuðum eftir að fullgildingarskjölunum var skipzt á, og segja má honum upp af hvorum hinna háu samningsaðilja með sex mánaða fyrirvara.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað samning þenna og sett undir hann innsigli sín.

Gert í tveim eintökum í La Paz, hinn 9. nóvember nítján hundruð þrjátíu og eitt. 24

18. jan.

*K. Monrad-Hansen.*  
(L. S.)

*Julio A. Gutierrez.*  
(L. S.)

#### LOKAÁKVÆÐI

Undirritaðir, sem hafa komið saman í dag til að undirskrifa verzlunarsamning þann, er hér fer á undan, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði:

Að athugaðri afstöðu þeirri, sem er á milli Íslands og Danmerkur samkvæmt efni sambandslaganna frá 30. nóvember 1918, er það áskilið, að frá Bolíviu hálfu er ekki unnt, með skírskotun til fyrrgreinds samnings, að gera kröfur til þeirra sérstöku réttinda, sem Ísland hefir veitt eða kann síðar meir að veita Danmörku.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað lokaákvæði þessi og sett undir þau innsigli sín.

Gert í tveim eintökum í La Paz, hinn 9. nóvember nítján hundruð þrjátíu og eitt.

*K. Monrad-Hansen.*  
(L. S.)

*Julio A. Gutierrez.*  
(L. S.)

Fullgildingarskjölin að samningnum voru afhent þann 29. desember 1933, og gengur hann því, samkvæmt ákvæði 3. gr., í gildi þann 29. marz 1934.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

*Forsætisráðherrann, 18. janúar 1934.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**